

## Síðasta þorskastríðið - útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur

**Bókarhöfundur:** Guðmundur J. Guðmundsson

**Bókarheiti:** Síðasta þorskastríðið – útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur

**Gagnrýnandi:** Kristján Guy Burgess

**Útgáfa:** Hólar, Reykjavík 2007, 164 bls.

### PEGAR ÍSLENDINGAR LÖGÐU BRETA AÐ VELLI

Á þeim degi sem þetta er skrifað er þess minnst í íslenskum og breskum fjölmiðlum að 32 ár eru liðin frá því að verulega sló í brýnu milli Íslendinga og Breta í síðasta þorskastríðinu. Þann 11. desember 1975 veittu tveir breskir dráttarbátar varðskipinu Þór fyrirsát þar sem það leitaði vars í vondu veðri í Seyðisfirði. Helgi Hallvarðsson skipherra lýsti því að dráttarbátarnir hafi ætlað að sökkva Þór og Helgi fyrirskipaði að fallbyssuskoti skyldi skotið að herskipunum. Þetta var eina fasta skotið sem hleypt var af í síðasta þorskastríðinu og færði deilurnar á nýtt stig. Íslenskum stjórnvöldum þótti atvikið svo alvarlegt að þau kröfðust þess að málið yrði tekið fyrir hjá Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Helgi skipherra hafði ekki heimild til að hleypa af skoti en sagði síðar: „Nauðsyn brýtur stundum lög.“

Baráttan um yfirráð landhelginnar sem lauk með síðasta þorskastríðinu var merkur kafli í sjálfstæðissögu Íslendinga og vakti mikla alþjóðlega athygli. Þorskastríðunum lauk sumarið 1976 með fullnaðarsigri Íslendinga sem öðluðust þá full yfirráð yfir fiskveiðilandhelginni. Bretar kölluðu herskip af deilusvæðinu, viðurkenndu 200 mílna efnahagslögsögu og sættu sig við verulega skerðingu afla á Íslandsmiðum. Íslendingar hrósuðu hins vegar sigri í baráttu sem hafði staðið af og til í 560 ár.

Nokkuð hefur verið ritað um síðasta þorskastríðið í tímaritagreinum og minningabókum þar sem fjallað hefur verið um ólíka þætti málsins en eins og um mörg önnur mikilvæg atriði í stjórn mála- og utanríkismálasögu Íslendinga hefur verið þörf á ítarlegri rannsóknnum og greiningu. Verulega skortir á að stjórn mála- og utanríkismálasögu Íslendinga á 20. öld hafi verið gerð nægileg skil og staðreyndir dregnar þannig fram að fullur skilningur fái á atburðum síðustu áratuga. Oft er því um að kenna að mikilvægar heimildir eru ekki aðgengilegar og því geta lykilatriði ekki orðið almenningi ljós fyrr en löngu eftir að atburðirnir verða. Þegar söfnin opnast tekur við verk fyrir sagnfræðinga.

Nú hefur nýlega verið opnaður aðgangur að mörgum skjölum í Bretlandi sem varða síðasta þorskastríðið og Guðmundur J. Guðmundsson cand. mag. hefur kynnt sér. Hann nýtir sér tækifærið til að gefa út bók með yfirliti yfir helstu atburði þorskastríðsins. Bókin heitir: Síðasta þorskastríðið. Útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Þegar slíkt yfirlit er tekið saman er vitaskuld umdeilanlegt hvað er tekið með og hverju sleppt, á hvaða heimildum er byggt og hvernig ályktað út frá þeim sem eru til staðar. Það er umhugsunarefni hvers vegna Guðmundur ákvað að gefa verkið út strax en beið ekki eftir því að skjöl frá breska utanríkisráðuneytinu kæmu fyrir almenningssjónir sem hann segir að gerist á því ári sem er að líða. Eins nefnir hann að fengur væri að gögnum í Washington (bls. 119). Það hefði verið áhugavert ef höfundurinn hefði einnig beðið eftir því að öll íslensk gögn úr opinberri vörslu kæmu í leitirnar en eins og hann nefnir hefur hann ekki getað haft upp á íslenskum gögnum um samningaviðræðurnar í Ósló.

En auðvitað er það mat höfundar og útgefanda hverju sinni hvort þeir hafa nægilegt efni í höndunum til að gefa út bók og þar sem afskaplega mikilvægt er að þorskastríðin falli ekki í gleymiskunnar dá er það fagnaðarefni að Guðmundur taki saman handhægt rit um helstu atburði í síðasta þorskastríðinu. Hann rekur þar helstu þætti, baráttuna á miðunum og samningaherbergjunum, deilur í íslenskri pólitík og hvernig þær komu bresku samningamönnunum fyrir sjónir. Mestur fengur er í nýjum upplýsingum sem fram koma um samningafundina í Noregi þar sem höggvið var á hnútinn og samið um endalok þorskastríðanna. Þar hefur Guðmundur komist í gögn sem dýpka skilning á því sem fram fór á mikilvægum fundum sem Knut Frydenlund, utanríkisráðherra Noregs, beitti sér fyrir að yrðu haldnir eftir að lítt hafði gengið hjá framkvæmdastjóra NATO að miðla málum í máli þar sem deilur tveggja bandalagsríkja urðu svo harðar að þau slitu stjórn málasambandi.

Í bókinni er að finna mikilvægan fróðleik fyrir áhugafólk um þorskastríðin, sem vilja rifja upp atburðina fyrir meira en þrjátíu árum. Einnig er yfirlitið gott fyrir nýja lesendur sem vilja kynna sér um hvað síðasta þorskastríðið snerist. Þó verður að segjast að það hefði verið fengur að ítarlegri greiningu á viðfangsefninu en fæst í stuttri yfirlitsbók. Bókin er fremur stutt, kaflar tæpa oft einungis á yfirborði atburða eins og dæmi um einnar og hálfra síðu kafla um samninga við Vestur-Þjóðverja og Belga sýnir og álíka stuttur kafli um afstöðu Sovétríkjanna, eins og betur er komið að hér að neðan.

Oft hefði verið gaman að sjá betri greiningu á baksviðinu í breskum og íslenskum stjórnámálum á tímabilinu auk alþjóðlegra strauma til að lesendur gætu áttað sig betur á sjónarsviði atburðanna. Ályktanir um samskipti og framferði Geirs Hallgrímssonar, Ólafs Jóhannessonar, Gunnars Thoroddsens og annarra íslenskra stjórnámálaleiðtoga eru full einfaldar fyrir fræðirit (sbr. lýsingu á samskiptum Geirs og Gunnars í tilefni af hraðbátamálinu svokallaða á bls. 94). Einnig vantar skýringar á samstarfi Sjálfstæðis- og Framsóknarmanna í ríkisstjórninni, hvaða afleiðingar það hefði haft ef slitnað hefði upp úr stjórnarsamstarfinu fyrir innanlands- og utanríkismál og hvernig einstakir stjórnámálaflokkar nýttu sér þá stöðu. Guðmundur fjallar einungis um þetta í afar stuttu máli út frá breskum heimildum (bls. 112).

Um bresku stjórnámálaliðina og stefnu Breta hefði fengist skýrari mynd sem hjálpað hefði til við ályktanir ef aflað hefði verið heimilda í frásögnum þeirra sem þátt tóku í atburðarásinni. Harold Wilson og James Callaghan skrifuðu báðir um málið í ævisögum sínum auk þess sem John Prescott sem þá var þingmaður frá Hull og beitti sér fyrir samningum ritaði um það í ævisögu sinni. Til viðbótar hefði mátt gefa betri innsýn í afstöðu Anthony Crosland sem lék aðalhlutverk í lokakaflanum, með því að kynna sér ágæta bók sem ekkja hans, Susan Crosland, skrifaði um ævi hans og stjórn málaferil en Guðmundur virðist ekki hafa kynnt sér fremur en gögn úr einkasafni Croslands sem eru aðgengileg á breska stjórnámálasögusafninu. Þá gáfu breskir fjölmiðlar áhugaverða mynd af atburðunum á sínum tíma, sem hefði verið áhugavert ef höfundur hefði rýnt í til að greina betur það umhverfi sem bresku samningamennirnir komu úr. Þar sem Guðmundur virðist ekki hafa kynnt sér slíkar heimildir til fulls þarfnast sumar ályktanir hans betri rökstuðnings eins og sú að líklega hefði getað gengið betur fyrir ríkisstjórn Íhaldsflokksins að ná samkomulagi við Íslendinga en stjórn Verkamannaflokksins (bls. 140-141).

Hið alþjóðlega samhengi þorskastríðanna vegna hafréttarsamninganna og stöðu Íslands í kalda stríðinu skiptir verulegu máli við skilning á síðasta þorskastríðinu og hvernig leyst var úr því. Ekki er gott að meta fullyrðingar Guðmundar í þessari bók og í fyrri grein um afstöðu Sovétmanna til þorskastríðanna en hann fullyrðir heldur sterkt út frá minnisblaði sem Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóri skrifar eftir að hafa hitt sovéska sendiherrann Farafanov. Guðmundur fullyrðir að sendiherrann hafi áreiðanlega verið að túlka stefnu Sovétstjórnarinnar þegar hann mælti með því við Íslendinga að þeir semdu við Breta til að veikja ekki NATO (bls. 149). Það er fjarri því augljóst og ærin ástæða til að rannsaka afstöðu Sovétmanna nánar áður en slíkar fullyrðingar eru settar fram enda aldrei allt sem sýndist í baráttu austurs og vesturs í kalda stríðinu.

Á þeim tíma sem þorskastríðið stóð óttaðist Bandaríkjastjórn að öfl hliðholl kommúnistum kæmust til valda í Evrópu enda var tilhneiging í þá áttina í sunnanverðri álfunni. Þar var ekki alltaf gerður greinarmunur á evrópukommúnistum og öðrum kommúnistum. Hvorki Bandaríkjamenn né yfirstjórn Atlantshafsbandalagsins höfðu áhuga á að fá til valda á Íslandi ríkisstjórn sem var höll undir aukin samskipti við Sovétríkin á meðan lítið var á varnarstöðina í Keflavík sem mikilvægan útvörð varna á Vesturlöndum. Í greinum um öryggismál á norðurhöfum á þeim tíma sem er til umfjöllunar leikur ekki vafi á að Atlantshafsbandalagið leit á herstöðina í Keflavík sem afar mikilvæga til að fylgjast með umsvifum Sovétmanna sem fóru mjög vaxandi á þeim tíma þrátt fyrir þýðu í samskiptum stórveldanna á einstökum sviðum.

Í þessu samhengi má einnig minnst á hvernig íslenskir erindrekar ýttu undir hræðslu bandalagsþjóðanna í NATO um aukin samskipti við Sovétríkin. Niels P. Sigurðsson, sendiherra í London, beitti því markvisst gagnvart Bretum að góð samskipti væru milli Íslendinga og Sovétmanna og hvernig unnt væri að auka mjög viðskipti við þá ef markaðir í Evrópu lokuðust. Hann skrifaði til að mynda um það í blaðagrein í Times í desember 1975. Hannes Jónsson í Moskvu talaði einnig á afar vinsamlegum nótum um samskiptin við Sovétríkin sem hann taldi að mörgu leyti betri en við svokallaða bandamenn í NATO. Þetta var haft eftir honum í bresku blaði haustið 1975 og hann lýsir því einnig í bók sinni *Friends in Conflict*. Þegar lítið er á samhengi öryggismála á Vesturlöndum í kalda stríðinu er ljóst að allar ályktanir um afstöðu Sovétmanna til þorskastríðanna þarf að nálgast varfærnislega.

Einstaka misfellur hefði mátt lagfæra eins og þegar höfundur notar fyrstu persónu (bls. 71) eða þegar hann beitir gildishlöðnu orðalagi („kerfisprælar“, „falangistahyski“, „þumbast við“). Þá bera frásagnir af átökum á miðunum þess á köflum merki að vera sagðar frá sjónarhóli Íslendinga (sbr. bls. 91).

Í bókinni Síðasta þorskastríðið gefst kostur á ágætu yfirliti yfir einn áhugaverðasta kaflann í utanríkismálasögu Íslendinga í máli sem hafði áhrif langt út fyrir landsteinana. Guðmundi tekst prýðilega það markmið sem hann lýsir í upphafi bókar „að gefa lesendum aðgengilegt yfirlit yfir gang mála í samningaviðræðum þjóðanna, átökin á miðunum, innbyrðis deilur Íslendinga og aðkomu annarra þjóða að deilunni“. Til að takast hitt markmiðið, sem er að svara nokkrum áleitnum spurningum til skýringar á atburðunum, hefði höfundur þurft að kafa dýpra og gera ítarlegri greiningu.